

## 12. fundur Fötlunarráðs

Miðvikudaginn 27. janúar 2021, kl. 14:00 – 16:00

í fjarfundi.

Fundargerð ritaði Hermína Hreiðarsdóttir.

Mættir eru: Sigríður Hauksdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Karolína K. Gunnlaugsdóttir, Ásta Magnúsdóttir og Hermína Hreiðarsdóttir.

1. Jafnrétti fyrir alla handbók og síða

*Rætt um handbókina Samráð og enn er stefnt að því að halda fund/málþing eins og talað er um í lið 6.*

2. Bréf til ráðuneytisins eða gæðastofnunar um rafræn skilríki þeirra sem eru með persónulega talsmenn og geta ekki haldið utan um slíkt án aðstoðar.

*Hermína kynnti hvernig er að reyna að fá rafræn skilríki fyrir ólögráða fatlað barn eða lögráða ungmenni og hvað það er misjafnt eftir bönkum hvort þetta er leyft eða ekki.*

**Markmið laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:**

*Markmið laganna er að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skal virðing borin fyrir mannlegri reisn þess, sjálfræði og sjálfstæði. Þjónusta samkvæmt lögunum skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli, svo sem kyn, kynferði, aldur, þjóðernisuppruna, trúarbrögð o.fl. (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/>)*

*Samkv. reglum Auðkennis er ekki leyfilegt að láta*

<https://www.audkenni.is/adstod/spurningar-svor/almennt-um-skilriki/getekkinotadskilriki/>

*"Auðkenni má ekki framleiða rafræn skilríki nema að tilvonandi skilríkjahafi geti notað þau án hjálpar frá annarri manneskju. Þetta er ófrávíkjanleg regla. Aðilar sem ekki geta notað rafræn skilríki vegna t.d. fötlunar geta ekki fengið útgefin rafræn skilríki. Aðstandendur verða að fá umboð frá viðkomandi til að sýsla með þeirra mál, annaðhvort á pappír eða að viðkomandi aðstandandi noti sín eigin rafrænu skilríki til að komast inn á reikninga viðkomandi.*

*Varðandi Heilsuveru þá er unnið að svipuðu umboðskerfi þar. Í dag er hægt að veita öðrum umboð til að sækja lyf fyrir sig í apótekum inn á heilsuvera.is en þá þarf viðkomandi að vera með rafræn skilríki. Einnig er hægt að veita umboð á pappír, sjá nánar vefsíðu Lyfjastofnunar hér: Spurt og svarað."*

*Ef þú kemur með umboð á pappír gildir það eingöngu í þeirri lyfjaverslun sem þú framvísar því í. Þarft því alltaf að hafa það meðferðis ef þú þarft að ná í lyf á öðrum stað. Það er s.s. ekki hægt að skanna það inn til t.d. Lyfjastofnunar sem setur það þá inn í Heilsuveruna.*

*Fötlunarráð Norðurbings telur að þetta sé brot á lögum um jafnt aðgengi fatlaðra til jafns við ófatlaða.*

3. Geðræktarmál, þjónusta hér á staðnum og svo sem þarf að sækja annað, staðan.

*Hvetja Kelduna til að til að ná góðu samstarfi við Bug Ak.*

4. Samhyggðarhópar fyrir börn alkóhólista og geðfatlaðra eins og Alaateen o.fl.

*Tala við AA um stofnun Alaateen hér á Húsavík.*

5. Stuðningshópar fyrir börn með geðrasakanir, einhverfu, adhd

*Stefnt að stofnun stuðningshóps fyrir ýmsar raskanir fyrir foreldra og börn/ungmenni, eftir málþing í vor.*

6. Málþing eða fundur í vor eða þegar opnast á slíkt fundahald.

*Enn er stefnt að halda stóran fund þegar verður opnað á frekari samkomufjölda.*

7. Önnur mál - Allt annað sem okkur kann að detta í hug

*Orkufrístund – Sigrún Björg með handleiðslu/námskeið fyrir börn/ungmenni varðandi andlega heilsu.*

*Keldan snemmtæk íhlutun.*